



Rósa Guðbjartsdóttir  
Kirkjuvegur 7  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 6. september 2022  
Tilv.: MRN22060146/2.3.2

Efni: Skipun í verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækniskólans

Mennta- og barnamálaráðherra skipar yður hér með í verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækniskólans, sbr. viljayfirlýsingu sem undirrituð var þann 7. júlí 2021 af mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, bæjarstjóra Hafnarfjarðar og formanni stjórnar Tækniskólans. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er m.a. að leiða fram niðurstöðu um fjármögnun og eignarhald húsnæðis Tækniskólans. Verkefnisstjórnin skoði leiðir til fjármögnunar verkefnisins og hvernig eignarhaldi á framtíðarhúsnæði skólans verði háttað m.a. út frá rekstrarfyrirkomulagi á skólanum. Kostnaðaráætlanir skulu yfirfarnar og skal verkefnisstjórnin móta framtíðarsýn um verkefnið í samhengi við stefnu og áherslur mennta- og barnamálaráðuneytis í starfsmenntun á Íslandi. Verkefnisstjórnin skal hafa til hliðsjónar þá þarfagreiningu sem Tækniskólinn hefur þegar látið vinna.

Mælt er til þess að verkefnisstjórnin ljúki störfum eigi síðar en 1. nóvember 2022.

Verkefnisstjórnin er þannig skipuð:

Ágúst Bjarni Garðarsson, kt. 290987-2539, án tilnefningar, formaður  
Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, kt. 280371-5729, án tilnefningar  
Egill Jónsson, kt. 130557-5119, tilnefndur af Tækniskólanum  
Jón B. Stefánsson, kt. 140951-2269, tilnefndur af Tækniskólanum  
Henný Gunnarsdóttir Hinz, kt. 160677-3769, tilnefnd af forsætisráðuneyti  
Steinunn Sigvaldadóttir, kt. 020367-3349, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Rósa Guðbjartsdóttir, kt. 291165-3899, tilnefnd af Hafnarfjarðarbæ.

Mennta- og barnamálaráðuneytið greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í verkefnisstjórninni.

Ásmundur Einar Daðason

Erna Kristín Blöndal